


-Hólmur í mynni Laxárdals- Blóthús og bæjarstæði undir Selhrygg

Skýrsla V (án skráa og fylgiriti)

Viðauki: Vindás/Hof. Forn rúst á Steinadal í Suðursveit



Bjarni F. Einarsson
2002

Forsíðumyndin sýnir teikningu af einum kljásteynanna (Fnr. 54) sem lagðir voru að blóthúsinu austanverðu. Teikn. Andreas Áhman.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
ágúst 2002.

Inngangur

Rannsóknin í Hólmi sumarið 2001 var beint framhald af rannsóknunum sumrin 1996 -1997 og 1999 - 2000. Þeim hafa verið gerð skil í skýrslum (Bjarni F. Einarsson 1996, 1998a, 2000 og 2001) og grein í Skaftfellingsi 1998 (Sami 1998b). Um aðdraganda rannsókna, umhverfi og sögu staðarins, er vísað í ofangreindar heimildir og sama á við um lýsingar á blóthúsinu. Í þessari skýrslu verður aðeins fjallað um uppgröft á blótstað og bæjarstæði á tæknilegum nótum. Nákvæmar túlkanir á blótstaðnum eru í vinnslu og verðar birtar innan skamms. Til stendur að rannsaka bæjarstæðið nánar á sumri komanda. Niðurstöður rannsókna verða ekki bornar saman við aðrar niðurstöður erlendis né reynt að finna svipaða staði í eldri rannsóknargögnum hér á landi.

Rannsóknirnar sumarið 2001 hófust þann 19. júní og stóðu yfir til 31. júlí. Auk undirritaðs unnu við rannsóknirnar í lengri eða skemmri tíma Andreas Áhman fornleifafræðingur í Gautaborg, Björn G. Arnarson safnvörður hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Leif Jonsson fornleifa- og beinafræðingur hjá Gautaborgarháskóla, Annika Söderlind fornleifafræðingur í Stokkhólmi, Alison Fearn doktorsnemi í Leichester, Adheem Malik og Alex Hopson fornleifafræðingar í London, Bryan Muray fornleifafræðinemi í Newcastle, Svala Lárusdóttir Reykjavík, Sigurður Hannesson, Gísli Sverir Árnason, Hulda Þráinsdóttir og Guðný Svavarsdóttir hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Árni Gíslason Höfn og Vance Pollock blaðamaður frá USA. Að auki kom vinnuskóli Hornafjarðar til aðstoðar við aftorfun á staðnum.

Vegna tilkomu Englendinganna á seinni stigum undirbúningsins var ákveðið að nýta þá til að rannsaka bæjarstæðið betur en gert var ráð fyrir í upphafi.

Styrktaraðilar rannsókna voru Alþingi, Hornafjarðarbær, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Sparisjóður Hornafjarðar, Menningarsjóður A-Skaftafellssýslu, Skinney-Pinganes, og Fornleifafræðistofan. Er öllum þessum aðilum færðar hinar bestu þakkir fyrir aðstoðina. Vinnufélögum mínum vil ég þó færa sérstakar þakkir fyrir dugnað og áhuga.



Mynd 1. Hólmur í Nesjum, Austur-Skaftafellssýslu. Úr Uppdráttur Íslands. Blað 106. Landmælingar Íslands 2000.

Uppgröftur 2001

Blótstaður

Á blótstaðnum í Hólmi hafði áður verið rannsakaður 61 fermetra stór flötur sem hafði að geyma m.a. jarðhýsi, stoðarholur og trúleg barnakuml, auk tæplega 23 ferðmetra svæðis um kuml og næsta nágrenni.

Sumarið 2001 var markmiðið að kanna svæðið norðan við jarðhýsið og hinn stóra flöt sem rannsakaður var sumarið 2000 og kanna til hlítar hvort þar kynnu að leynast frekari mannvirki sem varpað gætu ljósi á eðli staðarins.

Notað var sama hæðarkerfi og áður og númer gripa var í beinu framhaldi af fyrri númerum. Sama á við um aðra lista eða skrár, svo sem ljósmyndir. Teknar voru litskyggjur og stafrænar myndir auk þess sem bryddað var upp á þeirri nýbreytni að kvikmynda seinni hluta rannsókna á stafrænan hátt. Þegar talað er um áttir í texta er miðað við áttir kerfisins, ekki seguláttir (sjá t.d. mynd 3).

Uppgefin hnit prufuhola og leitarskurða miðast ætíð við SV-horn holanna/skurðanna.



Mynd 2. Eystri hluti nyrðri reitar. Leif Jonsson stendur sem hæst ber, yfir seyðum 2 og 3. Hellurnar handan við bakkann eru leifar kumlsins. Rekaviðurinn stendur ofan í stoðarholu A. Horft til N. Ljósm. BFE. (Stafr. mynd nr. 179).


Hinn grafni flötur

Ákveðið var að fjarlægja torf ofan af tveimur svæðum, annars vegar 6 x 10 m og hins vegar 4 x 10 m stóru svæði. Á milli svæðanna var 1 m breiður bakki skilinn eftir, auk bakka suður af svæðunum sem notaður var til að teikna snið þvert á hólinn. Sá bakki var síðar grafinn í burtu, en ekki sá fyrstnefndi, sem skilinn var eftir.


Í umsókn til fornleifanefndar fyrir sumarið 2000 segir m.a. um tilgang rannsóknanna að kannað verði „svæðið í kring um blóthúsið til þess að athuga hvort annað kuml, jarðhýsi eða jafnvel útiöldstæði kunni að finnast á staðnum.“ Þessum tilgangi var ekki náð þetta sumar en sama markmið var sett fram í næstu umsókn til fornleifanefndar.

Hinn rannsakaði flötur reyndist vera mjög svipaður þeim sem var rannsakaður sumarið 2000, mjög stutt niður á mannvistarlag og sumstaðar var það í sjálfu yfirborðinu. Á sumum stöðum (fáum þó) var það næstum ógreinanlegt (sjá nánari lýsingu í skýrslu 2001).


Fjöldi soðsteina var nokkuð minni á þessu svæði en því sem áður hafði verið rannsakað, eða 148 lítrar samtals. Á syðra svæðinu, sem grafið var




Mynd 3. Teikning af öllu hinu rannsakaða svæði á blótstaðnum í Hólmi.



Mynd 4. Dreifing allra gripa á blótstaðnum í Hólmi.



Mynd 5. Kljásteinn (Fnr. 318) úr rauðum sandsteini. Borað kónískt gat.
Teikn. AÁ.



Mynd 6. Kljásteinn (Fnr. 387) úr rauðum sandsteini. Borað kónískt gat.
Teikn. AÁ.


2000, fundust 200 lítrar á 49 fermetra stóru svæði, eða rétt rúmir 4 lítrar á fermetra. 110 fermetra stórt, sem gerir rúma 1,3 lítra á fermetra. Þá er ekki tekið tillit til þess að soðsteinum var ekki safnað saman þegar kumlið var rannsakað árið 1997, en sá flötur var um 25 fermetrar. Má því reikna með að magn soðsteina hafi verið rúmir 1,7 lítrar á fermetra á nyrðra svæðinu. Minna var af soðsteinum vestan megin á þessu svæði, en því eystra (sjá úr dagbók 31.7). Á svæðinu fundust nú nokkrir seyðir og stoðar- eða pinnaholur, auk gripa.

Gripir


Talsvert magn gripa fannst nú sem fyrr á hólnum, en þó ekki alveg samskonar og fundust áður. Ekki fannst neitt hrájárn nú og aðeins eitt lítið brot úr klébergi. Meðal gripa sem fundust nú má nefna nokkra kljásteina, steina með gati, brýnisbrot, perlur, járn og lítið eitt af gjalli. Tvær eins töflur úr hnefatafli fundust við mannvirki sem túlkað er sem seyður eða eldstæði. Ofan í seyð 3 fannst timburáhold með járnlykkju sem ekki er vitað till hvers var notað. Brot úr grip úr blýi fannst á milli seyða 1 og 3. Hugsanlega er þetta tala, en met gæti það einnig verið.

Nokkra gripa var ekki hægt að staðsetja nákvæmlega þar sem þeir fundust við aftorfun. Þeir voru m.a. nagli og met. Ein perla fannst ca. 5 m austur af suðurenda hólsins. Áður höfðu m.a. kljásteinn og heinbrýni fundist utan við hólninn.

Eftirtektarvert er að nú hafa 14 kljásteynar fundist á hólnum eða við hann. Fjórir fundust í röð við norðaustanvert blóthúsið (einn þeirra sýndur á forsíðu), þrír fundust við eldstæði 2 og einn fannst í seyði 3. Ekki liggur ljóst fyrir enn sem komið er hvort steinar þessir hafi nokkurn tíma verið notaðir sem kljásteynar. Hugsanlega eru þetta steinar sem aldrei áttu að nýtast sem veraldlegir hlutir heldur gerðir gagngert til að leggja á hólinn. Benda má á tvo ófullgerða kljásteyna á bæjarstæðinu sem gætu verið vísbending um að steinarnir voru gerðir þar. 10 steinanna höfðu borað gat, einn var með náttúrulegu gati sem sorfið hafði verið úr. Fjórir steinanna voru brenndir, einn við eldstæði 2, einn í seyði 3 og einn í blóthúsinu.



Mynd 7, t.v. Tafla (Fnr. 343) úr rauðum sandsteini. Fannst nálægt töflunni við hliðina. Skalinn sýnir 2 sm. Teikn. AÁ.



Mynd 8, t.h. Tafla (Fnr.407) úr rauðum sandsteini. Fannst nálægt töflunni við hliðina. Teikn. AÁ

Á mynd 4 eru aðeins þeir gripir sýndir sem fundust við uppgröftinn, en ekki lausafundir.

Kljásteynar, hrájárn, járn, naglar, gjall og eldsláttusteynar eru þeir gripir sem mest áberandi eru á blótstaðnum. Ef þeir sem tengjast járninu eða járngerð eru teknir saman eru þeir í yfirgnæfandi meirihluta allra gripa, fyrir utan bein.

Einn stældusnúður í þremur hlutum (tvö fundanúmer) fannst á öllu svæðinu (fundinn árið 2000). Var hluti snúðsins inni í blóthúsinu og annar rétt fyrir utan, þar sem dyrnar hljóta að hafa verið.

Tvær töflur úr hnefatafli fundust í eða við eldstæði 2. Hvorug virtist brennd. Þær eru af dálítið óvenjulegri lögun, litlar og kónískar, með tálguðum kannti við botninn.

Gjall	36	Járn	32
Hrájárn	23	Naglar	22
Eldsláttusteinar	19	Kljásteinar	14
Steinar/glerhallur	14	Perlur/sörvistölur	11
Jaspis	10	Flögur úr jaspis	10
Kléberg	9	Grýtur	8
Skrautsteinar	8	Steinar með gati	8
Járnteinar	6	Járnbönd/hnoð	6
Heinbrýni	4	Flögur úr tinnu	4
Brýni	3	Unnir steinar	3
Silar/prjónar	2	Fjalhögg	2
Snældusnúðar	2	Nálar	2
Skröpur	2	Bitasilfur/gjall	2
Tinna	2	Töflur	2
Ópall	1	Skífa	1
Glattari	1	Sverðslípeinn	1
Kambur	1	Met	1
Vaðsteinn	1	Öngull	1
Blý	1	Verkfæri úr tré og járn	1

Tafla1. Yfirlit yfir fjölda einstakra tegunda gripa á blótstaðnum frá upphafi rannsókna. Við nánari skoðun er líklegt að eitthvað af járninu séu naglar, ógreindir gripir eða aðeins útfellingar. Ekki er tekið tillit til óvissu í tegundagreiningu. Lausafundir eru taldir með í þessari töflu.

Bein

Á nyrðri hluta hólans fundust nær sömu dýrabein og áður hafa fundist á hólnum, eða nautgripabein, kindabein, kinda/geitarbein, hestabein, svínabein og fuglabein. Nú fundust að auki fiskibein (m.a. þorskfiskabein).

Á syrðri hluta hólans, sem rannsakaður var sumurinn 1997 - 2000, fundust þrjú fuglabein, en á nyrðri hlutanum fundust níu fuglabein. Samanlagt hafa því fundist 12 fuglabein á hólnum. Þrjú beinanna fundust í seyði 3, einum seyða.

Fjöldi fiskibeina er 14 stk. og sum þeirra sem greinanleg voru nákvamar voru þorskfiskabein (ekki laxfiskabein!). Af þeim fundust sex stk. í SV - horni svæðisins (X 500 Y 494), þrjú í seyði 3 og 1 í seyði 2. Athyglisvert er að í seyði 2 og 3 voru bæði brennd og óbrennd fugla- og fiskibein, eins og tilfellið var með spendýrabeinin. Sjá nánar lýsingu einstakra mannvirkja.

Nákvæmari greining var gerð á beinunum en fram kemur í fundaskrá. Er hún geymd í gagnagrunni Hólms. Þar kemur m.a. fram að trúlega eru höfuðbein og tennur gjarnan óbrennd í seyði 2 og 3 og frekar úr vinstri hluta höfuðs! Önnur bein virðast vera brennd!

Tekið skal fram að lang flest beinanna voru ógreinanleg sökum smæðar sinnar og ástands (illa brennd). Nánari úrvinnsla beinanna bíður betri tíma.

Mannvirki

Á nyrðra svæðinu fundust nú þrjár seyðir og eitt eldstæði og nokkrar stoðar- eða pinnaholur. Áður höfðu fundist þar leifar af kumli, sem kallað hefur verið Hólmsfundurinn (Bruun 1903. Bjarni F. Einarssona 1998 (a) og (b)). Önnur mannvirki fundust ekki.

Seyðirnir þrjár eru hver með sínum hætti hvað varðar stærð og gerð, en þó eru tveir þeirra nokkuð svipaðir (seyðir 1 og 2). Seyður 3 var mjög ólíkur hinum að því leyti að hann var meira í ætt við hefðbundna seyði fulla af soðsteinum og viðarkolum og án flókinnar jarðlagaskipanar. Í honum voru líka fleiri bein og gripir að auki.

Eldstæði 2 var að mestu leyti undir A - V bekk sem þversnið yfir hólinn var teiknað eftir. Eldstæði 1 fannst sumarið 1999 rétt norðvestan við blóthúsið. Eini eiginlegi munurinn á eldstæðunum var að eldstæði 2 var nokkuð stærra en eldstæði 1. Munurinn var þó ekki eins mikill og fram kemur á mynd 3.

Lýsing seyða var að mestu samin af Leif Jonsson og Andreas Áhman og er texti þeirra þýddur og staðfærður hér að neðan.

Seyður 1

Seyðurinn var mjög ógreinilegur á yfirborðinu og í raun ekkert sem benti til þess að þarna kynni seyður að leynast. Um var að ræða dökkan flekk, sem var u.þ.b. 1 x 2 m stór. Við flekkinn komu mjög morkin, óbrennd bein í ljós, þ.á m. útlímabein. Ekki reyndist unnt að bjarga beinunum, né greina þau til tegundar.

Í ljós kom að seyðurinn var 0,3 m djúpur og 1,6 m breiður þar sem sniðið var lagt langsum. Var hann fóðraður innan með 6 - 12 sm þykkri gjósku sem var feit og ljós (gul H2 eða H3?). Að öðru leyti var seyðurinn fylltur dökkri fyllingu sem í voru viðarkol, sóti og brennd bein.

Í seyðnum fundust óbrennd bein úr nautgrip (efri hluti framfótar úr kálfi) í neðri hluta fyllingar (lag 1). 1 - 1,5 lítra af soðsteinum fundust einnig í seyðnum.


Seyður 2

Þegar athugasemdir á vettvangi eru teknar saman að loknum uppgreiftri er lýsing seyðsins (holunnar) svohljóðandi: Hóla er ca. 0,9 - 1,0 m í þvermál við yfirborð. Holan hefur verið grafin um ca. 0,35 - 0,4 m. Á botn hennar hefur 0,4 x 0,25 m stór steinn verið lagður (hella). Allur botn holunnar og hliðar hafa verið fóðruð með 3 - 7 sm þykkri, fínni, feitri og ljóstri, gjósku (lag 6, H2 eða H3?). Á þessu lagi var þunnt lag með sóti, viðarkolum, óbrenndum fiskibeinum og tönnum (lag 5). Síðan hefur holan verið fóðruð á ný með ljósa laginu ofan á síðastnefnda lagið (lag 4) og ofan á það komið lag með sóti, viðarkolum og brenndum beinum (lag 3). Enn á ný hefur holan verið fóðruð með ljósa laginu (lag 2) og ofan á því var lag


með sóti, viðarkolum og brenndum beinum (lag 1,5). Efst kom svo lag með brúnu áfoki með einstaka viðarkolamolum og soðsteinum.

Í lögum 3 og 5 fundust fáeinir litlir, flatir steinar og líparít.


Vesturhluti holunnar var skorinn af seyð 3. Við takmörk holunnar í austur lágu 5 soðsteinar, trúlega úr seyðnum (teknir úr honum).




Mynd 9. Planteikning af seyði 1. Seyðurinn var mun reglulegri þegar skafið var ofan af honum. Var hann næst því að vera sporöskjulaga.




Mynd 10. Snið af seyði 1. Seyðurinn hefur verið fóðraður innan með feitu, leirkenndu, gulu lagi (gjóska?). Hver tilgangurinn hefur nákvæmlega verið er ekki ljóst. 1 = fylling með viðarkolum. 2 = Gult, feitt lag. 3 = dautt áfok.




Mynd 11. Seyður 2 og 3 í plani. Ytri brotalína um seyð 2 er truflun. Bekkurinn var til að teikna snið eftir, hann var síðan fjarlægður. Teikn. AÁ/BFE/LJ.



Mynd 12. Snið í seyð 2 og 3. Eins og sjá má er seyður 3 yngri en seyður 2. Seyður 2 hefur verið fóðraður innan með gulu, feitu lagi eins og seyður 1. Þó eru fleiri slík lög í seyði 2, með viðarkolaskán á milli. Þetta gæti þýtt að seyðurinn hafi verið margnotaður.



Mynd 13. Snið í seyði 2 og 3. Sjá næstu mynd á undan.



Mynd 14. Snið í seyði 2 og 3. Á þessu sniði virðist seyður 2 vera yngri en seyður 3!

Í seyðnum fundust jaxl (óbrunninn), vinstra og hægra kjálkabein með jöxlum (óbr.) og tábein úr kind/geit. Útlimabein og vinstri kjálkabein með tönnum úr meðalstóru spendýri, 1 öklabein úr nautgrip, útlimabein úr meðalstóru spendýri og einn hryggjarliður (óbr.) úr þorskfiski.

Seyður 3

Þegar athugasemdir frá vettvangi eru teknar saman að loknum uppgreiftri er lýsing seyðsins (holunnar) svohljóðandi: Seyður (hola), 0,8 x 1,2 m á stærð og 0,25 - 0,30 m djúp.

Á botni lá þunnt lag af óbrenndum fiskibeinum (höfuðbein, sennilega úr þorski og hryggjarliðir úr þorski) og nautgripa - og kindatennur.

Í norðurhluta seyðsins fundust tvær raðir af efri kjálkabeinum og tönnum úr fullorðinni kind, bæði úr hægri og vinstri hluta. Annar

kjálkinn (með tönnum) lá ofan á hinum. Trúlega eru þeir úr tveimur hauskúpum sem klofnar hafa verið á lengdina.

Í austurhluta seyðisins fundust tennur úr efri kjálka á kálfi.

Á botni í suðvestur hluta holunnar lá U – laga hlutur úr járni og timbri (tréð hefur varðveist vegna riðs). Trúlega er þetta tréskaft með járnuglu sem negld hefur verið á endan (Fnr. 424).

Á austur- og vesturhlið holunnar voru brenndir og sótugir, flatir steinar og líparít. Ca. 30 - 32 ávalir, hnefastórir steinar voru í neðri fyllingu holunnar. Allir voru þeir brenndir (soðsteinar). Einn steinanna reyndist vera kljásteinn (Fnr. 445).


Einnig fundust gjall, járn, hnoð í seyðnum.



Mynd 15. Tréahald (handfang?) með járnlykkju sem fannst í seyði 3. Tréð hefur eyðst í miðjunni, þar sem járnútfellingarnar hafa ekki náð að veja það. Ljós. BFE.

Eldstæði 2


Eldstæðið var illa farið og aðeins nokkrar hellur eftir. Best varðveitt var það í SA - horni, en þar voru nokkrar hellur á rönd. Á myndinni (mynd 16) eru ekki dregnar útlínur eldstæðisins, en þær eru í stórum dráttum utan um hellurnar.



Mynd 16. Eldstæði 2. Sjá má staðsetningu gripa sem fundust í eða við eldstæðið. Sjá skýringar á táknum á mynd 4. Einn kljásteyinn lá rétt utan við eldstæðið. Snið eldstæðisins kemur fram í þversniði hölsins.

Í eldstæðinu fundust tveir kljásteyinar (sá þriðji lá ca. 20 sm norðar) og ógreinanleg brennd bein. Eldstæðið minnir mjög á eldstæði 1¹, sem lá NV af blóthúsinu. Það var jafn illa farið.

Stoðarhola C (3)




Mynd 17. Snið stoðarholu 3 (C).

¹ Eldstæði 1 var grafið sumarið 1999, sbr. skýrslu 2000.

Holan var staðsett við X 505,70 Y 501,00. Ummál hennar var 14 sm og dýpt hennar ekki minni en 21 sm (mælt á ská með holunni). Holan hallaðist lítilega mót austri. Botn holunnar var eilítið bogadreginn Ekkert fannst í henni og fyllingin var blanda af mannvistarlagi og áfoki (aska og mold!).

Stoðarhola D



Mynd 18. Stoðarhola 4 (D) Í plani og sniði.

Holan var staðsett við X 500,60 Y 495,12. Ummál hennar var 24 sm og dýpt hennar ekki minni en 15 sm (mælt á ská með holunni). Holunni hallaði lítilega mót vestri. Botn holunnar var dálítið boginn.

Holan er svo grunn að 24 sm breið stoð hefur ekki getað staðið af sjálfsdáðum í henni, hún hlýtur að hafa haft stuðning einhvers staðar frá.

Ekkert fannst í holunni og fyllingin var blanda af mannvistarlagi og áfoki (aska og mold!).

Stoðarhola 4 hallaði í öfuga átt miðað við stoðarholu 3. Þeim hallaði því út frá hvor annari.

Niðurstaða

Nú er rannsóknnum á blótstaðnum í Hólmi lokið, en þær hafa staðið yfir síðan 1997. Niðurstaðan er sú að þar sé að finna blóthús, kuml, tvö meint barnakuml, tvö eldstæði, þrjá seyði og fjórar stoðarholur, auk nokkurra pinnahola. Minjarnar eru frá landnámsöld. Bein úr öllum húsdýrum landnema fundust á staðnum, nema úr hundi og ketti. Einnig fundust bein úr fugli og fiski og hval.

Gott safn gripa fannst við rannsóknirnar svo sem kljásteynar, hrájárn, perlur, brýni, naglar, klébergsbrot, eldsláttusteynar, fjalhögg o. fl.

Sýni sem tekin voru eru enn í greiningu og verða það um sinn. Niðurstaðna úr greiningu þeirra verða vonandi gerð skil eins fljótt og hægt er.

Bæjarstæði


Á bæjarstæðinu hafði ekki verið grafið síðan 1997. Þá voru m.a. opnaðir þrír stærri reitir (reitir A - C), auk reitar D, prufuhola og leitarskurða. Samtals voru ca. 140 fermetrar opnaðir. Ekki náðist að klára reit C, en þar var komið niður á mikið manvistarlag og hluta af húsi (Bjarni F. Einarsson 1998:36).

Ákveðið var að halda áfram með reit C þar sem frá var horfið og grafa út skurðinn sem lá til NA úr NA - horni reitarins². Einnig var ákveðið að opna nýjar prufuholur og leitarskurði.



Mynd 19. Yfirlit yfir Reit C á bæjarstæðinu. Sjá má mannvistarlagið t.v og undir því gult vatnsborið lag undir því (sennilega sama og er í vegg húss 3 og 4, en sjá má gafl húss 4 við NA - horn reitarins (niðri t.h.)). Í sniðum má sjá ljóst gjóskulag (Ö 1362). Horft til V. Ljósm. BFE. (Stafr. mynd nr. 158).

² Reitnum og fyrri prufuholum hefur áður verið lýst í Bjarni F. Einarsson 1996 og 1998 (a).




Mynd 20. Yfirlit yfir megin rannsóknarsvæði bæjarstæðis Hólms sumarið 2001. Stærsti flöturinn er reitur C sem geymir hús 2. Aðeins er sýnd staðsetning prufuholu 6. Inn á myndina hefur veggjabroti í skurðinum sem gengur til NA úr reit C verið bætt. Norðar í skurðinum eru engin mannvirki sýnileg sökum landeyðingar. Veggurinn gæti verið hluti af húsi 3.

Reitur C


Eins og áður hefur komið fram var komið niður á mannvirki í NA - horni reitarins og því grafinn skurður til NA út úr þessu horni til að ganga úr skugga um hvers konar mannvirki þetta var. Sá skurður sýndi að komið hafði verið niður á jaðar húss, hugsanlega gafl þess. Sá hluti sem vestast

var (gaflinn?) var gerður úr hnausum, en ýmsislegt bendir til þess að langveggir séu gerðir úr streng sem legið hefur þvert á vegginn, sbr. veggj húss nr. 3 í Prh. 6.

Nokkru norðar í þessum skurði var komið niður á veggjarbrot árið 1997 og norðan við það var gólf. Þessi veggur sást ekki við rannsóknina 2001, en hann hefur trúlega veðrast í burtu. Gólfið náði aðeins stuttan spöl til norðurs en þar var rofabakki sem tekið hafði hluta gólfsins. Hugsanlega er veggur þessi og gólf hluti af húsi 3, en það kæmi í ljós við nánari rannsókn.



Mynd 21. Kljásteinn (Fnr. 36) úr rauðum sandsteini. Borað kónískt gat. Teikn. AÅ.



Mynd 22. Kljásteinn (Fnr. 8) úr gulleitum sandsteini. Borað kónískt gat og krossmark til að marka þingdina? Teikn. AÅ.

Í reitnum norðanverðum var komið niður á stoðarholu sem gaf góð fyrirheit um að vera úr húsinu sem leitað var að í miðjum reitnum. Síðar kom þó í ljós að þarna hefur staðið stoð löngu eftir að bærinn í Hólmi hafði lagst af og mátti sjá í sniði að stoðin hafði verið rekin í gegn um Ö-1362 gjóskulagið og “a“- lagið frá 1477.

Hús 2

Fyrir u.þ.b. miðjum reit var komið niður á hús sem talið var geta verið skálinn, en þegar á leið uppgröftinn kom í ljós að hér var um mannvistarlag að ræða sem afar sennilega er gólf í húsi. Vandinn er þó sá að engir fundust veggirnir og engar fundust stoðarholurnar. Margt gripa fannst á þessum stað svo sem snældusnúðar, hnífur, eldsláttusteinar o. fl. Sumarið 1997 fundust í reitnum m.a. klébergsbrot, kambsbrot og naglar (sjá fundaskrá). Mannvistarlagið hafði mjög afmarkaða útbreiðslu þegar komið var niður að neðri hluta þess, sem minnir mjög á hús, og verður þetta því talið til húsa þar til annað kemur í ljós. Ofar í reitnum náði mannvistarlagið yfir allan

reitinn, nema þar sem veggjabrotin í NA - horninu komu í ljós. Það mælir varla með því að hér hafi staðið hús!

Hús 4

Í NA - horni reitarins kom í ljós árið 1997 veggur á húsi sem gerður var úr torfhnausum í ytra byrðinu, en fyllingu úr mold. Ekki er þó alveg hægt að útiloka að veggurinn sé ekki breiðari en sem hnausunum nemur, en það er ólíklegt. Afar sennilegt er að hnausarnir hafi verið stungnir í næsta nágrenni við húsið enda bendir allt til þess að í þeim sé sama efni og undir húsi 2 (Heklugjóska?).



Mynd 23. Gaflinn á húsi 4. Hnausarnir teikna sig gríðarlega vel í planinu og svo virðist sem fylling veggjarins hafi verið úr mold. Ekki er þó alveg hægt að fullyrða að hér sé veggur úr húsi. Þetta getur getur verið einföld röð af torfhnausum. Ljós. BFE. (Stafr. mynd nr. 154).

Skurður sem grafinn var til NA út frá horninu sama ár sýndi að hér var kominn gafl á að því er virtist mjög litlu húsi sem ekki var meira en 3,5 m á breidd. Húsið snýr NA - SV skv. hnitakerfinu (því sem næst N - S skv. áttavita) og virðist V - veggurinn vera hlaðinn með annars konar tækni en gaflinn, eða eins og veggirnir í húsi 3 (sjá mynd 24). Engir gripir fundust í húsinu, enda hvergi komið niður á gólf þess.

Prufuhola 6

Holan var í raun eins metra breiður og fimm m langur skurður (X 200 Y 218. SV - horn). Á rúmlega eins metra dýpi var komið niður á torfvegg í sinn hvorum enda skurðarins og gólf var þar á milli.



Mynd 24. Myndin sýnir strengina eins og þeir liggja þversum á syðri vegginn í húsi 3. Ljósu flekkirnir eru sennilega gjóska sem liggur rétt undir mannvistarlögum á bæjarstæðinu. Sama lag virðist vera í húsinu sem sést í í NA - horni reitar C. (Stafr. mynd nr. 136).

Hús 3

Húsið hefur verið ca. 5 m breitt að ytra máli og ca. 2,6 m breitt að innanmáli. Ekki getur þetta verið mannbústaður (of mjótt hús og gólfið ekki nægilega viðarkolaskotið). Talsvert var af pinnaholum við norðurvegginn innanverðan (ekki teiknaðar, en sjást á ljósmynd).

Í gólfi hússins fundust tveir skrautsteinar úr grænum og rauðum jaspis.

Veggir hússins, sem fengið hefur númer 3, voru einvörðungu úr torfi og sáu st hnausarnir eða öllu heldur strengirnir mjög greinilega þegar skafið var ofan af þeim (sjá mynd 24). Veggirnir eru byggðir á þann veg að strengur hefur verið skorinn jafn langur og breidd hins fyrirhugaða veggjar var áætluð og hann svo lagður þversum á vegginn. Þetta er trúlega einsdæmi í


húsum á Íslandi frá þessum tíma (eldra en 1000 AD). Húsið er túlkað sem skepnuhús.

Prufuhola 7


Holan var 1 x 2 m breið og rúmlega einn metri á dýpt. Staðsetning hennar var X 204 Y 205. Ca. 6 - 7 sm þykkt mannvistarlag var í norður hluta holunnar.

Prufuhola 8

Holan var 1 x 1 m breið og rúmlega einn metri á dýpt. Staðsetning hennar var X 194 Y 228. Ekkert fannst í holunni sem benti til mannvistar.



Mynd 25. Lóðin (Fnr. 27) sem fannst í sniði við bæjarstæðið. Úr klébergi.




Mynd 26. Hamarshausinn (Fnr. 7) sem fannst í húsi 1 sumarið 1997. Teikn. AÅ.

Prufuhola 9

Holan var 1 x 1 m breið og 1,75 m djúp. Staðsetning hennar var ca. 250 m SA af dæluhúsinu á svæðinu. Ekkert kom í ljós sem benti til mannvistar og ljósa Ö-1362 sást ekki.

Prufuhola 11

Holan var 1 x 2 m stór og rúmlega einn metri á dýpt (Holan var L laga og armurinn til austurs var 0,5 m breiður). Staðsetning hennar var ca. 35 m NV af X 200 Y 200, en þar þótti ástæða til að kanna hvort ekki leyndist hús undir. Í ljós kom gólf og veggur húss (hús 5) sem gæti vel verið skálinn. Í húsinu fundust kljásteynar, þar af annar ófullgerður, eldsláttusteinn úr rauðum jaspis, járnkrókur og sérkennilega aflangur og vatnssorfinn steinn. Ófullgerði kljásteynninn (nr. 63) sem fannst í holunni minnti mikið á annan ófullgerðan kljásteyn (nr. 50), sem fannst í steinaþyrpingu neðan við rofabakkann, rétt sunnan við lækinn. Hafði verið klappað öðru megin í þann fyrstefnda, en báðum megin í þann síðarnefnda, en götin ekki verið fullgerð.



Mynd 27. Eini snældusnúðurinn fram að þessu sem fundist hefur á bæjarstæði Hólms. Úr húsi 2 (Fnr. 37). Kvarðinn sýnir 3 sm. Teikn. AÁ.

Prufuhola 10

Holan var 1 x 1 m breið og meir en 1,5 m djúp. Staðsetning hennar var ca. 400 S af bæjarstæðinu, skammt hjá Laxá. Þar var lítil þúst sem ástæða þótti til að kanna frekar. Ekkert kom í ljós sem benti til mannvistar.

Gripir

Kljásteynar	10	Steinar	7
Naglar	5	Eldsláttusteinar	5
Hnoðnaglar	4	Skrautsteinar	4
Grýtur	4	Unnir steinar	2
Hamarshaus	1	Teinn/nagli	1
Flaga úr ópal	1	Flaga úr hrafntinnu	1
Flaga úr tinnu	1	Skífa	1
Kambur	1	Teinn/gjall	1
Lóð	1	Skeifa (ung)	1
Hnífur	1	Sívalningur	1
Snældusnúður	1	Gjall	1
Járnband með hnoði	1	Krókur	1
Kléberg	1		

Tafla 2. Yfirlit yfir fjölda einstakra tegunda gripa, sem fundist hafa frá upphafi rannsókna á bæjarstæði Hólms. Ekki er tekið tillit til óvissu í tegundagreiingu. Lausafundir eru taldir með í töflunni.

Niðurstaða

Rannsóknin á bæjarstæðinu sýndi að enn er skálinn ófundinn.³ Það getur ekki verið nokkur vafi á því að hann er þarna á næstu grösum og hugsanlega og jafnvel líklega er hann að finna þar sem prufuhola 11 var grafin.

Allt að sjö hús eða vísbendingar um hús hafa nú fundist á bæjarstæðinu og fjöldi gripa er þegar kominn yfir meðaltal gripa úr fornbæjarrannsóknum hérlendis.

³ Skálinn fannst við rannsókn sumarið 2002. Þeirri rannsókn verður gerð skil í skýrslu VI.

Viðauki: **Forn rúst í Steinadal**

Vindás í Steinadal

Fyrir fáeinum árum var mér sagt frá því að bóndinn á Hala, Fjöltnir Torfason, teldi sig hafa fundið rústir býlisins Hofs eða Vindáss í Steinadal. Þegar ég var við rannókn í Hólmi sumarið 1999 var mér boðið að skoða staðinn í fylgd Fjöltnis og fl. Skoðaði ég nokkrar rústir á staðnum, þ.á m. meinta kirkjurúst og vísbendingar um aðra sem Fjöltnir taldi geta verið leifar af skála. Var ég honum sammála í því að þarna gæti leynst skáli og töldum við það geta verið fróðlegt að reyna á þennan grun okkar með prufuholugreftri.


Úr varð að sótt var um leyfi til að taka prufuholur á staðnum um leið og sótt var um leyfi til fornleifarannsókna í Hólmi og fara einhverja helgi eða helgar og grafa þessa holu eða holur í áður nefnda rúst.

Fyrsta ferð var farin þann 21. júlí og önnur ferð helgina þar á eftir, eða þann 28. júlí. Ákveðið var að grafa fyrir miðri rústinni í þeirri von að koma niður á langeld. Allir starfsmenn í Hólmi tóku þátt í rannsókninni á einn eða annan hátt, auk þeirra hjóna á Hala, Fjöltnis og Þorbjargar Arnórsdóttur. Öll vinna við þessa rannsókn var unnin í sjálfboðavinnu, en um fæði sáu hjónin á Hala.

Í lýsingu Kálfafellsstaðasóknar frá árinu 1855 segir svo um Vindás: „Vindás; byggður úr Steina-(Sléttaleitis-)landi; sést hvörki til túns né engja eður tófta, en hefur líklega staðið neðan undir Steinadal, hvörju til sönnunar er ás sá þar uppí dalnum, sem enn er nefndur Vindás. Er á honum lítilfjörlegur skógur, sem tilheyrir kirkjunni hér, og fjara þar fram undan kölluð Vindásfjara...“ (Sýslu- og sóknarlýsingar 1997:139-40).

Vindásfjörur er fyrst getið í máldaga Mariukirkju á Breiðá í Öræfum árið 1343 en bæjar með nafninu Vindás er þar ekki getið (Ísl. Fornbréfasafn 1893:773).

Hofs er getið í tveimur handritum Landnámu, Hauksbók og Þórðarbók en þar segir: „Úlfur inn vorski keypti land at Hrollaugi suðr frá Heinabergsám til Heggsgærðismúla ok bjó at Skálafelli fyrstr manna. Frá honum eru Vorsar komnir. Síðan færði Úlfr bú sitt í Pappý ok bjó á Breiðabólstað, ok er þar haugr hans, ok svo Þorgeirs haugr. Þorgeirr var son Vorsu-Úlfs, er bjó at Hofi í Pappýli.“ (Landnámabók 1948:286-287).



Mynd 28. Teikning af meintri rúst/skála á Vindási/Hofi í Steinadal. Eins og sjá má voru útlínur rústarinnar all óreglulegar og nokkuð ógreinilegar. Þar sem stendur gripur fannst heinbrýnið. Snældusnúður og járnprot fundust eilítið norðar í skurðinum.

Ekki verður farið nánar út í sagnfræðina hér og ekki reynt að skera úr um hvort býlið kundi að hafa heitið Vindás eða Hof, það kunna aðrir betur en ég. Sjálf rannsóknin sagði okkur merkilega sögu sem hægt væri að rekja frekar með nákvæmari fornleifarannsókn.



Mynd 29. Horft í átt að Vindási, en rústin er rétt hægra megin við lægðina sem lækurinn (bæjarlækurinn?) rennur í. Ljós. BFE.

Prufuskurður - prufuhola

Prufuskurður í rúst

Tekinn var 1 x 3 m stór prufuskurður nálægt miðju rústarinnar (sjá mynd 28). Á 40 sm dýpi kom allt að 34 sm þykkt gráhvítt gjóskulag í ljós sem örugglega er Ö 1362 lagið. Beint undir því var sendið, svart gjóskulag sem ekki var þykkara en 6 sm. Er það talið vera frá 1341. Undir því var brúnt áfoklag og neðarlega í því komu í ljós steinar sem reyndust vera úr hleðslu af einhverju tagi. Á milli steinanna varð vart við einstaka viðarkolamola sem sýndu að þarna var komin vísbending um mannavist. Hleðslur þessar náðu yfir allan skurðinn og undir þeim nær öllum, nema stærsta steininn sem sést á sniðteikningunni, var þunnt áfokslag. Hleðslur þessar eru sennilegast einhvers konar hellulagt gólf, t.d. í fjósi? Undir því, á 1,20 m dýpi, kom svo annað mannvistarlag í ljós sem var allt öðru vísi en fyrrnefndu lögin að því leytinu til að það var þétt, leirkennt og fullt af viðarkolum og brenndum beinum. Þykkt lagsins var allt að 10 sm. Eru engar líkur á öðru en að hér sé komið gólf í húsi. Hvort það er skáli eða ekki verður ekki sagt með neinni vissu, en líkurnar á því eru ágæt og nær víst að um mannbústað sé að ræða. Í gólfinu fannst hein brýni úr útlendu flögubergi (norsku), brot úr snældusnúð úr rauðum sandsteini, gjallmoli,



Mynd 30. S-snið þrúfuskurðar í rústina á Vindási. Sjá teikningu, mynd 28. Myndin sýnir að lengra var á milli efra og neðra húss en teikningin sýnir. Búið er að grafa góflið í burtu þegar myndin er tekin. Ljós. BFE.

brot úr eldsláttusteini úr tinnu og járn (úr silgju?).

Heinbrýni voru algeng á víkingaöld og voru stundum borin sem skart um hálsinn. Snældusnúðurinn er af algengri víkingaaldargerð, en formið hélst þó eitthvað áfram inn í miðaldir. Um járníð verður ekkert sagt með vissu.

Eins og sést á myndum 28 og 30 þá liggja bæði húsin talsvert fyrir neðan svarta gjóskulagið og eru því talsvert eldri en það. Virðis styttri tími vera á milli húsanna en á milli svarta lagsins og efra hússins. Mjög líklega er eldra húsið ekki yngra en 1000 AD og yngra húsið varla yngra en 1150 AD. Niðurstaðan er því sú að eldra húsið sé líklega frá 9. - 11. öld, en það yngra líklega frá 12. öld.



Mynd 31. Gripirnir sem fundust í prh. 1 að Vidnási/Hofi. Efst t.h. er járngjall. Undir því er brot út snældusnúð og neðst er tinna. Efst fyrir miðju er heinbrýni og undir því er járnkrókur eða lykkja. Efst t.h. er ógreinanlegt járn og undir því hugsanlega brot úr beltissylgju. Ljós. BFE.

Tekin voru tvö viðarkolasýni úr eldra húsinu, auk tveggja jarðvegssýna. Gripir og sýni verða geymd á Sýslusafni A-Skaftafellssýslu þar til annað verður ákveðið.

Prufuhola við meinta kirkju

Sunnanvert við meinta kirkjurúst var grafin 1 x 1 m stór prufuhola til að freista þess að sjá ummerki um greftrun. Ekkert kom í ljós sem benti til þess að þarna kynnu grafir að leynast og varð að hætta greftri þegar holan var komin á þriðja metra á dýpt. Engin mannvistarlög sáust. Er því ósannað enn hvort þarna kunni að hafa staðið kirkja eða ekki.

Meint kirkja stendur efst á áberandi hól, nokkra tugi metra norður af meintum skála. Eru þar miklir grjótveggir og snýr rústin A – V.

Mun fleiri rústir eru á svæðinu í kring um Vindás, en þær voru ekki kannaðar frekar nú.

Heimildir

- Bjarni F. Einarsson. *The Settlement of Iceland; a Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage*. Reykjavík 1995.
- Sami. -*Hólmur í mynni Laxárdals - Skýrsla yfir prufurannsóknir á fornbylínu Hólmur í mynni Laxárdals, Austur Skaftafellssýslu, 13. - 16. ágúst 1996*. Óbirt rannsóknarskýrsla. Reykjavík 1996.
- Sami. (a) -*Hólmur í mynni laxárdals- II. Skýrsla yfir fornleifarannsókn á fornbylínu Hólmi og kumli í mynni Laxárdals, Austur Skaftafellssýslu, 26. júní t. o. m. 18. júlí 1997*. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 1998.
- Sami. (b) „Hólmur. Kumli og landnámsbær í mynni Laxárdals í Nesjum.“ *Skaftafellingur. Þættir úr Austur-Skaftafellssýslu*. 12. árgangur. Höfn 1998.
- Sami. -*Hólmur í mynni Laxárdals. Blóthús undir [Selhrygg]. Skýrsla III*. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2000.
- Sami. *Hólmur í mynni Laxárdals. Blóthús undir Selhryggnum. Skýrsla IV*. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2001.
- Bruun, Daniel. „Nokkrar dysjar úr heiðni. IV. Hólmsfundurinn.“ *Árbók Hins ísl. Fornleifafélags 1903*. Reykjavík 1903.
- Íslenskt fornbréfasafn*. Annað bindi 253 - 1350. Kaupmannahöfn 1893.
- Landnámaabók Íslands*. Einar Arnórsson bjó til prentunar. Reykjavík 1948.
- Sýslu og sóknarlýsingar*. Skaftafellssýsla. Reykjavík 1997.
- Uppdráttur Íslands. Blað 106. Landmælingar Íslands 2000.

Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Meintar minjar blóthúss/blótstaðar og bæjarstæði fornþýlisins Hólms í Laxárdal í Nesjum, A-Skaftafellssýslu.

Staðfræðikort og/eða önnur kort

Uppdráttur Íslands. Aðalkort. Blað 9 (E2n). Suðausturland. Landmælingar Íslands 1976.

Verkkaupandi/kostunaraðili

Alþingi, Sýslusafn Austur - Skaftafellssýslu, Hornafjarðarbær, Sparisjóður Hornafjarðar og Fornleifafræðistofan.

Ábyrgðaraðili:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi fornleifanevndar:

28. maí 2001.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.

Aðstoðarmenn:

Andreas Áhman fornleifafræðingur, Gautaborg. Verkstjóri.

Björn G. Arnarsson safnvörður.

Leif Jonsson, fornleifa- og beinafræðingur, Gautaborg.

Annika Söderlind fornleifafræðingur, Stokkhólmi.

Alison Fearn fornleifafræðingur, Leichester.

Adheem Malik fornleifafræðingur, London.

Alex Hopson fornleifafræðingur, London.

Bryan Murray fornleifafræðinemi, Newcastle.

Sigurður Hannesson safnvörður.

Gísli Sverrir Árnason safnstjóri.

Svala Lárusdóttir Reykjavík.

Hulda Þráinsdóttir Þjóðháttufræðingur.

Guðný Svavarsdóttir bókasafnsvörður.

Árni Gíslason nemi.

Vance Pollock blaðamaður. USA.

Vinnuskóli Hornafjarðar.

Forvarsla:

Ragnheiður Valdimarsdóttir, forvörður (gripir nr. 1-21 eru þegar forvarðir).

Rannsóknartími:

19. júní - 31. júlí 2001.

Hnitakerfi:

Eigið.

Hæðarkerfi:

Eigið.

Grafinn flötur:

110 fermetrar og ca. 40 rúmmetrar á blótstað.

44,85 fermetrar og ca. 25 rúmmetrar á bæjarstæði.

2 fermetrar og 2,75 rúmmetrar utan við bæjarstæðið.

Geymsla gagna:

Öll gögn verða geymd á Sýslusafni A-Skaftafellssýslu og Fornleifafræðistofunni þar til annað verður ákveðið.

Skýrsla hjá:

